Indre Nordnes - Noregi



Jarðgögnin sem grafa á er hluti af þjóðveginum E6 sem liggur frá Trelleborg í Svíþjóð upp til Kirkenes og er alls 3.140 km langur. Þessi vegur er aðalvegtenging á milli suður Noregs og norður Noregs og liggur alla leið norður til Rússlands.

Hann liggur í gegnum Tromsø fylki og í kringum Nordnesfjellet sem er í Kåfjord fylki. Leiðin um Nordnes hefur verið erfið yfirferðar á veturna vegna snjóflóðahættu, ekki ósvipað eins og var í Óshlíðinni.

Jarðgöngin verða 5.8 km löng og stytta leiðina um 8 km. Ný brú verður byggð yfir Manndalsá, vegskálar og nauðsynlegar vegtengingar gerðar.

Aðalbækistöðvar okkar verða í Manndalen sem lítið þorp sem liggur nánast mitt á milli Tromsø (150 km) og Alta.

Undirbúningur er kominn vel af stað og verður byrjað á forskeringum fyrir jól. Ef allt gengur eftir hefst jarðgangagröftur í febrúar 2015

Helstu magntölur
Laus jarðvegur: 20.700 m3
Gröftur úr jarðgöngum: 462.000 m3
Bergþétting: 150 tonn
Sprautusteypa: 25.000 m3
Bergboltar: 37.900 stk
Vatnsklæðningar: 70.200 m2
Steypa í brú: 2.000 m3
Vegagerð: 782 metrar

Verkkaupi
Norska vegagerðin

Verkefni hefst
Nóvember 2014

Verkefni lokið
2017

Eftirlit
Norska vegagerðin

Íslenskir aðalverktakar hf.
Höfðabakka 9
IS 110 Reykjavík

Tel. +354 530 4200
Fax. +354 530 4205
iav@iav.is

www.iav.is